

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004. Ný brautalýsing aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari kemur í stað texta á bls. 1702 í B-deild Stjórnartíðinda 2004 í brautalýsingum snyrtigreina, hársnyrtiiðn (HG9).

2. gr.

Ný brautarlýsing fyrir námsbraut í hársnyrtiiðn verður sem hér segir:

Hársnyrtiiðn (HG8)

168 ein.

Iðnnám á verknámsbraut

Hársnyrtiiðn er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm anna nám í skóla og 72 vikna starfsþjálfun á vinnustað. Markmið námsins er að gera nemendur færa um að veita þá alhliða þjónustu sem í boði er á hársnyrtistofum á hverjum tíma. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar

24 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	DAN 102 ENS 102	
	+ 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 +1 ein.	5 ein.

Sérgreinar

72 ein.

Blástur	BLS 101 201 301 401 501	5 ein.
Háralitun	HLI 101 202	3 ein.
Hárgreiðsla	HGR 103 203 303 402 503	14 ein.
Hárþvottur og snyrting	HÞS 101	1 ein.
Iðnfræði	IFH 102 202 302 401 501	8 ein.
Iðnteikning	ITH 102 202 302	6 ein.
Klipping	KLP 103 202 303 403 503	14 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103	3 ein.
Náttúrufræði	NÁT 103	3 ein.
Permanent	PEM 102 202 302 402 502	10 ein.
Skeggsnyrting og rakstur	RAK 102 201	3 ein.
Þjónustusiðfræði	ÞSF 101	1 ein.
Öryggis- og félagsmál	ÖRF 101	1 ein.

Starfsþjálfun 72 vikur

72 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám samkvæmt nýrri brautarlýsingu hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám í hársnyrtiðn á grundvelli fyrri brautalýsinga aðalnámskrár framhaldsskóla er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

Menntamálaráðuneytinu, 7. mars 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.